

III. fundur

Jólafundur Etadeildar var haldinn 4. desember 2007 kl. 18:00 í húsakynnum heimilisfræðideildar KHÍ. Fundurinn var undirbúinn af hópi um verkefni utan deildar.

Mættar voru: Guðrún Hrefna, Ásta, Bergþóra, Bryndís Guðmundsd., Brynhildur, Eyrún, Hafdís, Ingibjörg, Kristín Steinarsd., Magnea, Margrét, Ósa, Rannveig, Sophie, Stefanía, Vilborg og Auður. Auk þess voru boðsgestir þær Jóhanna Einarsdóttir og Ólöf Helga Þór.

1. Guðrún Hrefna setti fund og kveikti á kertum og síðan var sunginn jólasöngur.
2. Stefanía flutti orð til umhugsunar. Hún gerði að umtalsefni slæmar neysluvenjur þjóðarinnar og þau áhrif sem þær hafa á heilsuna. Hvatti hún deildarkonur til að standa vörð um hollar lífsvenjur. Í framhaldinu kynnti hún nýútkomna bók sína, *Eldað í dagsins önn*. Í lokin gaf hún deildarkonum góð og einföld ráð í þeim önnum sem fara í hönd.
3. Sest var að fagurlega skreyttum borðum og snætt hangikjöt með tilheyrandi gómsæti. Við hvern disk voru litlir, fallegir pokar með snyrtivörum frá Bláa lóninu sem Vilborg hafði útvegað. Sungin voru jólalög.
4. Gestur fundarins var Ingibjörg Haraldsdóttir og las hún upp úr nýútkominni bók sinni, *Veruleiki draumanna*, og spjallaði síðan við fundarkonur um reynslu sína af því að búa í tveimur jafnólíkum borgum og Moskvu og Havana og hvernig það var að koma heim eftir langa dvöl á erlendri grund. Þetta var hin besta skemmtun.
5. Að loknum upplestri og spjalli færði Guðrún Hrefna Ingibjörgu rós. Stefanía fékk rós í tilefni af útgáfu nýju bókarinnar. Einnig fékk Margrét rós í tilefni af því að skólinn hennar fékk viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir metnaðarfulla stefnu í jafnréttismálum.

Að þessu loknu var spjallað óformlega þar til allir héldu á brott glaðir í hjarta eftir góða og hátíðlega samverustund.

Auður Torfadóttir skráði